

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjuðu úrskurðum skal óraskað.

Forsendur hinna áfrýjuðu úrskurða hljóða svo:

1) Það skiptir engu máli fyrir ábyrgð stefnds hver afskipti vitnið hefir haft af sölu blaðs þess, sem nefnt er í stefnunni, en það er fyrir ummæli í téðu blaði, sem stefnt er til ábyrgðar á. Þar sem að fram eru komin mótmæli af hendi stefnds gegn því að spurningar á rskj. nr. 8 verði bornar upp fyrir vitninu og svör við þessum spurningum geta engin áhrif haft á niðurstöðu málsins um ábyrgð stefnds, ber að taka téð mótmæli til greina að öllu leyti.

2) Svo sem fram er tekið í hinum nýgengna úrskurði um hið fyrra vitni, R. P. Lévi, er í máli þessu einungis að ræða um sektarábyrgð á hendur ábyrgðarmanni blaðsins „Svindlarasvipan“, og þar sem svör við spurningunni á rskj. 9 geta engin áhrif haft á niðurstöðu dóms um það atriði verða spurningarnar að teljast þýðingarlausar fyrir málið.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 190/1932. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Fritz Kolm (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreluréttar Vestmannaeyja 10. sept. 1932: Kærður, Fritz Kolm, greiði 16900 króna sekt, til Landhelgissjóðs Íslands og komi 9 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún verður ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum, Dr. A. Strube, O, N, 114, skulu upptækt og renni andvirðið í sama sjóð og sektin.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglu-réttardómi hitti eftirlitsskipið Fylla hinn 7. sept. f. á. 2 togara að botnvörpuveiðum suður af Vik í Mýrdal og reyndist það vera togararnir „Hans Joachim“ P. G. 322 og „Dr. A. Strube“ O. N. 114 frá Nordenham, sem kærði var skipstjóri á. — Þar sem mælingar og miðanir eftirlitsskipsins sýndu það, að bæði skipin voru inni í landhelgi voru þau tekin föst og farið með þau til Vestmannaeyja. Hafa mælingar og miðanir eftirlitsskipsins verið athugaðar af forstöðumanni stýrimannaskólans, er ekkert hefir fundið við þær að athuga.

Kærði hefir neitað því að hafa fiskað í landhelgi í umrætt skipti, og verjandi kærða í hæstarétti hefir einnig í þessu máli lagt fram langt álitsskjal frá þýzkum sérfræðingi í siglingamálum, þar sem leitast er við að sanna, að hinar ýmsu staðarmælingar og miðunarlinur eftirlitsskipsins séu óabyggilegar, og er því haldið þar fram, að eftirlitsskipið hafi hlotið að villast á skipi kærða og öðru skipi á sömu slóðum.

Viðvikjandi þessu hefir foringi eftirlitsskipsins tekið fram, að það sé alveg útilokað, eftir því sem eftirlitinu hafi verið hagað og eftir öllum staðháttum að öðru leyti, að villzt hafi verið á skipi kærða og öðru skipi og heldur því fram, að athugasemdir sérfræðingsins séu yfirleitt byggðar á skökkuum grundvelli.

Þar sem það er eigi vefengt, að tökustaður togarans var um $\frac{1}{3}$ úr sjómilu utan landhelgislinu og þar sem það verður að telja sannað með skýrslu eftirlitsskipsins, að togarinn hafi frá kl. 3,38 til kl. 4,04 eða í 26 mínútur haldið í suðlæga stefnu, þ.

e. út úr landhelginni, og þar sem það ennfremur er viðurkennt, að skip kærða hafi allan þennan tíma verið að fiska með botnvörpu í sjó, þá er þar með fengin sönnun fyrir því, að kærði hafi gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó með þeirri breytingu, að sekt kærða ákveðst 18500 kr. með tilliti til núverandi gullgengis hinnar íslenzku krónu, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 200 kr. til hvors.

Dráttur sá, er orðið hefir á rekstri máls þessa, á að nokkru leyti rót sína að rekja til þess, að verjandi kærða í hæstarétti hefir útvegað sakargögn frá útlöndum, en þar sem honum hafa borizt skjöl þessi í byrjun febrúarmán. síðastl., en hefir eigi komið skjölunum frá sér til fjölrítunar fyrr en í maímán. verður eigi komizt hjá að finna að þessum drætti á afgreiðslu málsins.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Fritz Kolm, skipstjóri á botnvörpu-skipinu O.N. 114 „Dr. A. Strube“ frá Nordenham, greiði 18500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar í

héraði skulu vera óröskuð. Svo greiði kærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 200 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Fritz Kolm, skipstjóra á togaranum Dr. A. Strube, O. N. 114 frá Nordenham, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5, 18. maí 1920.

Málavextir eru þessir:

Þann 7. þ. m. kom varðskipið Fylla austan með landinu og sá tvo togara, er virtust vera í landhelgi suður undan Vík og var annað þeirra skip kærða.

Varðskipið gerði því staðarákvarðanir, með Gyroskop-kompásmiðunum og voru báðir togararnir miðaðir í sömu línu frá kl. 3,38, en þá var togari kærða fyrst miðaður og var hann jafnan 400 metrum lengra frá varðskipinu en hinn togarinn. Kl. 3,38 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti í réttv. 289

Hjörleifshöfði, eystri endi, réttv. 19

Patentlog 81,0

Þaðan var togarinn miðaður r. v. 279,
stefna hans suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu var ekki mæld í þetta sinn og var það vegna þess, eftir því, sem sjóliðsforingi sá, er staðarákvörðunina gerði, hefir haldið fram í réttinum, að vegalengdin þangað, sem miðunarlína togarans skar landhelgislinuna, hafi verið um 16 sjómílur frá varðskipinu og því svo mikil að togarinn, sem var á að gizka 6 sjómílur frá varðskipinu, var augsýnilega innan landhelginnar. Kl. 3,43 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 293

Hjörleifshöfði eystri endi r. v. 33,5

Patentlog 82,0

Dýpi mældist 78 metrar.

Þaðan var togarinn miðaður r. v. 277,
stefna hans suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 8300 metrar.

Kl. 3,46 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 296

Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 43

Patentlog 83,0

Dýpi mældist 65 metrar.

Þaðan var togarinn miðaður 277,
suðlæg stefna.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 5400 metrar.

Kl. 3,51 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 299,5

Hatta r. v. 336,5

Hjörleifshöfði eystri endi r. v. 48,5

Dýpi mældist 63 metrar.

Þaðan var togarinn miðaður r. v. 274,
stefna suðlæg.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 3900 metrar.

Kl. 3,54 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 302

Hatta r. v. 341

Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 52

Þaðan var togarinn miðaður r. v. 271,5,
suðlæg stefna.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 2700 metrar.

Kl. 3,56 gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti r. v. 306

Hatta r. v. 348

Hjörleifshöfði, eystri endi r. v. 55,5

Þaðan var togarinn miðaður r. v. 254.

Fjarlægð togarans frá varðskipinu 1500 metrar.

Kl. 4,02 gerði varðskipið staðarákvörðun hjá hinum togaranum, sem áður er um getið, en sú miðun virtist vera skipi kærða óviðkomandi.

Kl. 4,04 nam skip kærða staðar eftir að varðskipið hafði dregið upp stöðvunarmerki og skotið tveim aðvör-

unarskotum og hefir foringi sá af varðskipinu, sem mættur er í réttinum, lýst því yfir að togarinn hafi þá numið staðar og þriðja skotið því verið óþarft.

Á þeim stað, sem togarinn var handtekinn, gerði varðskipið þessa staðarákvörðun:

Dyrhólaviti

> 41° 59'

Hatta

> 62° 08'

Hjörleifshöfði, eystri endi

og er togarinn þá samkvæmt mælingu þessari 600 metra fyrir utan landhelgislinu. Samkvæmt staðarákvörðun kl. 3,43 var hann 0,5 sjómíliur fyrir innan landhelgislinu og samkvæmt staðarákvörðun kl. 3,46 kl. 3,51 og kl. 3,54 var hann einnig fyrir innan landhelgislinu.

Kærður hefir neitað því að hafa togað í landhelgi. Hann kveðst hafa kastað vörpunni kl. 4 þýzkur tími hjá bauju, er hann kom að og hafi hann nokkru áður, eða kl. 3,40 gert staðarákvörðun, sem hafi sýnt að hann var 0,6 til 0,7 úr sjómílu fyrir utan landhelgi. Hann kveðst síðan hafa togað þar til varðskipið stöðvaði skip hans um kl. 6, þ. t., og kveðst hann hafa séð af dýpinu, er hann áætlaði eftir því, hvernig dragstrengir hans lágu í sjónum, að hann fór aldrei inn fyrir landhelgislinuna, en gerði eigi staðarákvarðanir fyrr en eftir að varðskipið hafði stöðvað hann, en þá gerði hann staðarákvörðun, sem hann kveður hafa sýnt stað þann, er varðskipið stöðvaði hann á ca. 0,6 sjómíliur fyrir utan landhelgislinuna eða nokkru utar en staðurinn er samkvæmt mælingu varðskipisins. Stýrimaður kærðs hefir og borið fyrir réttinum að hann hafi gert staðarákvörðun kl. 6,30, þ. t., litlu síðar en kærður gerði s. n. staðarákvörðun sína og hafi staður togarans þá samkvæmt henni verið 0,5 til 0,6 sjómílu fyrir utan landhelgi.

Kærður kveðst hafa haft stefnuna A til ASA misv., er hann byrjaði að setja vörpuna út, en á meðan hann var að því, hafi hann snúið skipinu í stefnuna V ½ N og hélt þeirri stefnu þar til hann kom að annari bauju, kl. 5,05 þ. t. Hjá þeirri bauju kveðst hann hafa miðað Dyrhólavita yfir áttavita N ½ V misv.

Innan við þessa bauju kveðst hann hafa snúið skipinu

til stjórnborða, þar til það eftir 20 mínútur, kl. 5,25, þ. t., hafi stefnt ASA og hafi þá baujan verði 1½ sjómílu frá skipinu til stjórnborða heldur fram en þverskips, en dýpið áætlað eftir því hvernig dragstrengir lágu, 95—98 metrar. Í s. n. átt kveðst kærður hafa togað þar til kl. 5,50, þ. t., en þá hafi hann snúið skipinu til SSV og þá stefnu hafi hann togað þar til varðskipið stöðvaði hann.

Háseti sá, er var við stýrið hjá kærðum á umræddu tímabili, hefir að mestu staðfest framburð kærða um hvernig hafi verið togað, en hefir ekki getað gert grein fyrir því, hve lengi hefir verið stýrt hverja stefnu og hefir haldið fram, að togarinn hafi snúið utan við vestri baujuna.

Því hefir og verið haldið fram af hálfu kærða í málinu, að tíminn, frá því togarinn fyrst var miðaður frá varðskipinu og þar til hann var stöðvaður, sé of skammur til þess að togarinn hafi á þeim tíma getað farið þá vegalengd með vörpu úti, sem hann á að hafa farið á þeim tíma samkvæmt mælingum varðskipsins.

Sjóliðsforingi sá, er gerði miðanir og mælingar varðskipsins, kveðst hvoruga þá bauju hafa séð, sem kærður kveðst hafa togað hjá.

Rétturinn verður að lita svo á, að kærði hafi ekki með framangreindu fært fram neinar þær sannanir, eða rök, sem hnekkt geti mælingum eða miðunum varðskipsins og verður því að leggja þær til grundvallar við dóm í málinu.

Það verður því að telja sannað, að kærður hafi á framangreindum tíma verið að botnvörpuveiðum í landhelgi og hefir kærði því að álitu réttarins brotið gegn ákvæðum 1. greinar laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi og þykir refsing hans, sem ekki er upplýst að hafi áður brotið gegn ákvæðum íslenzku fiskiveiðalöggjafarinnar hæfilega ákveðin samkv. 3. gr. nefndra laga sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924, 16900 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands með tilliti til þess að gengi íslenzkrar krónu er nú þannig að hún jafngildir 58,46 aurum gulls. Í stað sektarinnar komi 9 mánaða einfalt fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan fjögura vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir 1 togaranum Dr. A. Strube, O. N. 114, skal upptækt og andvirðið renna í sama sjóð og sektin.

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. dez. 1933.

Nr. 69/1933. **Oddsteinn Friðriksson**

gegn

skiptaráðandanum í Vestmannaeyjum og firmanu Gunnar Ólafsson & Co.

Úrskurður skiptaréttar um gjaldþrot. Staðfesting.

Úrskurður skiptaréttar Vestmannaeyjakaupstaðar 10. febr. 1933: Bú Oddsteins Friðrikssonar, Hásteinsveg 5, hér, ber skv. 1. gr. laga 25/1929 að taka til gjaldþrotaskipta.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt kröfu hins stefnda firma Gunnars Ólafssonar & Co. var í fógetarétti Vestmannaeyja, hinn 3. febr. 1933, lagt löghald á eignir áfrýjanda til tryggingar skuld hans við téð firma, að upphæð kr. 16.719,88 ásamt vöxtum og kostnaði. Voru eignir áfrýjanda við löghaldið metnar á kr. 33185,00, en veðskuldir, er á þeim hvíldu, voru taldar vera kr. 27600,00. Daginn eftir löghaldið, hinn 4. febr. s. l. krafðist löghaldsbeiðandi þess, að bú áfrýjanda væri tekið til gjaldþrotaskipta, og eftir að málið hafði verið sótt og varið fyrir skiptaréttinum gekk úrskurður skiptaréttarins í því, hinn 10. febr. s. l., á þá leið, að bú áfrýjanda skyldi tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurði þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu, útg. 12. júlí s. l., að fengnu áfrýj-